

87

5. júní

Afstaða óskilgetins barns fer að islenzkum lögum, hafi móðir þess islenzkan ríkisborgararétt. Svo er og, ef ekki verður upplýst um ríkisborgararétt hennar eða barnsins og það dvelur hér á landi.

20. gr.

Ákvæði 18. gr. um erfðarétt óskilgetins barns eftir föður og föðurfrændur og þeirra eftir það gilda eigi um börn, sem fædd eru fyrir 1. nóvember 1922.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númin lög nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, lög nr. 39 28. jan. 1935, lög nr. 61 27. júní 1941 og lög nr. 55 14. apríl 1943, öll um breyting á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú telur kona, sem óskilgetið barn hefur alið á tímabilinu frá 1. janúar 1941 til 31. desember 1947, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hafi hér á landi í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila, og getur hún þá til ársloka 1949 snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafist rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.

Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins, eins og segir í 12. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

88

5. júní

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki vöru:

I. Innborganir.

		Áætlun:		Reikningur:	
Tekjur samkv.	2. gr. fjárlaga		kr. 57 615 000.00	kr.	86 557 775.81
—	— 3. — A. —		— 7 761 000.00	—	23 108 277.06
—	— 3. — B. —		— 8 440.00	—	18 364.03

	Áætlun:	Reikningur:	88
Tekjur samkv. 4. gr. fjárlaga	kr. 318 000.00	kr. 415 736.70	5. júní
— — 5. — —	— 50 000.00	— 685 047.65	
Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga —	641 203.00	— 22 912 188.55	
Greiðslujöfnuður	—	— 2 522 952.85	
	Kr. 66 393 643.00	Kr. 136 220 342.65	

II. Útborganir.

	Áætlun:	Reikningur:
Gjöld samkv. 7. gr. fjárlaga	kr. 1 345 980.00	kr. 1 579 994.65
— — 8. — —	— 150 000.00	— 162 741.64
— — 9. — —	— 553 889.00	— 963 174.71
— — 10. — —	— 1 363 434.00	— 1 739 063.62
— — 11. — A. —	— 3 576 420.00	— 6 447 793.84
— — 11. — B. —	— 918 879.00	— 1 374 011.21
— — 12. — — —	— 2 151 150.00	— 1 710 178.32
— — 13. — A. —	— 9 873 152.00	— 12 627 038.63
— — 13. — B. —	— 2 181 320.00	— 4 071 622.58
— — 13. — C. —	— 3 224 900.00	— 6 137 279.07
— — 13. — D. —	— 150 000.00	— 184 001.48
— — 14. — A. —	— 569 980.00	— 803 144.91
— — 14. — B. —	— 4 681 416.00	— 5 284 419.70
— — 15. — —	— 1 051 970.00	— 1 363 497.79
— — 16. — —	— 9 351 461.00	— 20 307 351.32
— — 17. — —	— 5 869 850.00	— 9 193 042.45
— — 18. — —	— 391 204.00	— 394 732.58
— — 19. — —	— 13 831 500.00	— 18 390 674.83
Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga —	4 169 901.00	— 43 486 579.32
Greiðslujöfnuður —	987 237.00	
	Kr. 66 393 643.00	Kr. 136 220 342.65

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

um fiskimálasjóð.

89

5. júní

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stjórn fiskimálasjóðs er skipuð 5 mönnum. Þeir skulu kjörnir hlutfallskosningum í sameinuðu Alþingi, ásamt jafnmörgum varamönnum, til þriggja ára í senn. Stjórnin kýs sér sjálf formann.